

## Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Aðfanga er ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti að launastefnu Aðfanga.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunum.

Eftirfarandi jafnlaunmarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

- 1. Aðföng er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa.**
- 2. Aðföng greiðir konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.**
- 3. Aðföng er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.**
- 4. Aðföng líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.**
- 5. Aðföng gætir þess að allir starfsmenn hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.**

Aðföng hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna til að framfylgja settum stefnumiðum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að þeim lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Fjármálastjóri er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi kerfisins í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Til að uppfylla skilyrði laganna og stefnunnar skuldbindur Aðföng sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvæðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja heildaryfirsýn yfir laun, stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.

Stjórn setur fram jafnlaunamarkmið og rýnir jafnlaunakerfið árlega. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.